


Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

Húsakönnun

Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur –
Mjöllnisholt – Stakkholt – Þverholt.



Reykjavík 2004

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr 106

Húsakönnun

Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur –
Laugavegur – Mjöllnisholt – Stakkholt – Þverholt.

Staðgreinireitir 1.244.1, 1.244.3, 1.241.0, 1.241.1 og 1.242.0.

Páll V. Bjarnason, arkitekt
Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur

Reykjavík 2004

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr 106

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 106
Reykjavík 2004.
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun.

Formáli.....	5
Byggingarsaga.....	7
Varðveislumat.....	11

3. Húsaskrá

Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	13
Ásholt 2.....	15
Ásholt 4.....	16
Ásholt 6.....	17
Ásholt 8.....	18
Ásholt 10.....	19
Ásholt 12.....	20
Ásholt 14.....	21
Ásholt 16.....	22
Ásholt 18.....	23
Ásholt 20.....	24
Ásholt 22.....	25
Ásholt 24.....	26
Ásholt 26.....	27
Ásholt 28.....	28
Ásholt 30.....	29
Ásholt 32.....	30
Ásholt 34.....	31
Ásholt 36.....	32
Ásholt 38.....	33
Ásholt 40.....	34
Ásholt 42.....	35
Brautarholt 1.....	36
Einholt 2.....	37
Einholt 4.....	38
Einholt 6.....	39
Einholt 8.....	40
Háteigsvegur 7.....	41
Laugavegur 126.....	42
Laugavegur 128.....	43
Laugavegur 130.....	44
Laugavegur 132.....	45
Laugavegur 134.....	46
Laugavegur 136.....	47
Laugavegur 138.....	48
Laugavegur 140.....	49
Laugavegur 142.....	50
Laugavegur 144.....	51
Laugavegur 146.....	52
Mjöllnisholt 4.....	53
Mjöllnisholt 6.....	54

Mjöllnisholt 8.....	55
Mjöllnisholt 10.....	56
Mjöllnisholt 12.....	57
Mjöllnisholt 14.....	58
Stakkholt 2 – 4.....	59
Stakkholt 3.....	60
Þverholt 3.....	61
Þverholt 5.....	62
Þverholt 7.....	63
Þverholt 9.....	64
Þverholt 11.....	65
Þverholt 13.....	66
Þverholt 15.....	67
Þverholt 15a.....	68
Þverholt 17 - 19.....	69
Þverholt 21.....	70
Heimildaskrá.....	71

Formáli

Hér fer á eftir rannsókn á núverandi byggð á reit **1.244.1** og aðlægum reit **1.244.3** og reitunum **1.241.0**, **1.241.1** og **1.242.0** í Reykjavík, sem afmarkast af Einholti, Brautarholti, Ásholti, Laugavegi og Þverholti en innan reitsins liggja Mjólnisholt og Stakkholt. Einnig stendur eitt hús við Háteigsveg 7.

Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1927-1992. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, sem var útgefið af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunalega gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar). Þar sem ofangreindir reitir eru ekki innan þess svæðis, hefur ekki verið lagt mat á byggingar sem þarna standa fyrir en nú.

30. janúar 2004,


Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar
Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á núverandi byggð á reit 1.244.1 og aðlægum reit 1.244.3 og reitunum 1.241.0, 1.241.1 og 1.242.0 í Reykjavík.

Staðsetning

Það svæði sem hér er til umfjöllunar afmarkast af Einholti, Brautarholti, Ásholti, Laugavegi og Þverholti en innan reitsins liggja Mjólnisholt og Stakkholt. Eitt húsið stendur og við Háteigsveg 7.



Kort af svæðinu gert af Mælingardeild Reykjavíkur í maí 1953.

Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er fjallað um 56 hús og eru þau öll steinsteypt. Flest þeirra eru upphaflega tvílyft eða 35 talsins en þrettán húsanna eru upphaflega einlyft. Ásholt 2 er hæsta húsið í þessari könnun og nær upp í 10 hæðir.

Elsta húsið, Laugavegur 128, var byggt árið 1926 en það yngsta, Laugavegur 146, árið 1992. Flest húsanna, eða 21 þeirra, eru byggð á árunum 1989 til 1991. Þetta eru húsinn sem standa á lóðinni Ásholt 2-42. Sjö húsanna eru byggð árið 1927, fjögur árið 1928 og tvö árið 1929. Á árunum 1930-1940 voru 11 hús byggð á reitunum og þrjú á árunum 1940-1950. Frá 1970 til ársins 1985 voru sex hús byggð.

Mörg húsanna sem hér er fjallað um tilheyrja síðfúnkísstíl en nokkur þeirra eldri eru í fúnkísstíl. Fúnkísstíllinn barst til landsins um 1930. Þeir arkitektar sem fylgdu honum voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnæði. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða fúnksjóninni. Markmið fúnkísmanna var að útrýma skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Með fúnkísstílnum þróaðist sú tækni

að nota innlend steinefni eða skeljabrot til múrhúðunar utan á steinsteypthús. Eitt af aðaleinkennum íslenska fúnkísstílsins er steiningin.

Um og upp úr seinna stríðinu þróaðist fúnkísstíllinn yfir í nútímalegri stíl, sem kalla mætti síðfúnkísstíl, það er fúnkíshúsin fengu á sig nýja mynd, þar sem helstu einkennum voru há og margbrotnari þök, smárúðugluggar og ýmis konar skraut. Þessi stílþróun átti ekki síst rætur sínar að rekja til frumkvöðla íslenskrar fúnkísstefnu, eins og arkitektanna Einarssonar og Gunnars H. Ólafssonar. Síðar, eða um 1960, breyttist stíllinn enn, þegar nýir arkitektar tóku til starfa hér á landi, einkum menntaðir í Þýskalandi. Flöt þök, stærri gluggar með stórum rúðum, beinar línur og minna skraut einkenndi þessa þróun. Litir voru notaðir á sléttmúraða veggum, einkum grunnlitir og steiningin hvarf.

Einnig er nokkuð um einföld steinsteypuhús á þessum reit. Einfaldleiki og látleysi einkennir þau hús og eru þau oftast án skrauts.

Breytingar

Misjafnt er hve miklar breytingar hafa verið gerðar á þeim húsum sem hér eru könnuð. Af þeim 56 húsum sem voru könnuð hafa 16 verið hækkuð frá upphaflegri gerð, byggt hefur verið við 16 þeirra og kvistir settir á fimm hús. Nokkur hús eru þó óbreytt að ytra byrði frá byggingu þeirra. Þar á meðal er Laugavegur 134 frá 1930 og Mjólnisholt 4 og 6 bæði frá 1928.

Höfundar

Vitað er um höfunda allra þeirra húsa sem hér eru könnuð. Húsin í Ásholti eru öll hönnuð af sömu arkitektunum, þeim Rúnari Gunnarssyni og Gunnari Gunnarssyni. Arinbjörn Þorkelsson hannaði sjö húsanna, Björn Rögnvaldsson fjögur og Pjetur Ingimundarsson þrjú. Þorleifur Eyjólfsson og Sigmundur Halldórsson teiknuðu tvö hús hvor. Fjölmargir höfundar eiga heiðurinn af einu húsi og þeirra á meðal eru Finnur Thorlacius, Hörður Björnsson, Guðjón Samúelsson og Gunnar Hansson.

Saga reitsins

Árið 1927 var fyrsta heildarskipulag fyrir Reykjavík samþykkt. Skipulagið, sem náði til svæðisins innan Hringbrautar og Snorrabrautar, náði aldrei fram að ganga í heild sinni. Það átti meðal annars að fullnægja þörfum um íbúðabyggð í Reykjavík fyrir næstu áratugi. Þetta svæði varð þó fullbyggt á fjórða áratugnum og tók þá byggðin að færa sig suður út á Melana og í austurátt að Norðurmýri og Rauðarárholti. Þá var í fyrsta sinn byggt í Reykjavík með fyrirfram ákveðna útkomu í huga og á árunum um og eftir seinni heimsstyrjöld var farið að greina á milli atvinnusvæða og íbúðasvæða í skipulagi. Göturnar sem hér er fjallað um verða til á þessum tíma.

Þessar götur liggja allar í Rauðarárholti en það er klapparholtið milli Kringlumýrar og Norðurmýrar. Bæjarhúsin á Rauðará stóðu suðaustur af holtinu. Ýmis konar iðnrekstur tók að rísa þar upp úr 1900 og hefur sú þróun haldið áfram. Holtið var allgrýtt og um skeið var stundað þar grjótnám.

Á reitnum er bæði að finna íbúðarhús sem og iðnaðarhúsnæði. Af þeim 56 húsum sem hér eru könnuð eru 40 íbúðarhús að upphaflegri gerð. Iðnaðarstarfsemi hefur einkum verið í húsunum í Þverholti, Einholti, Stakkholti og Brautarholti. Þar hafa starfað fyrirtæki eins og *Smjörlíki h.f.*, *Vinnufatagerð Íslands h.f.*, *Litur og Lökk*, *Kexverksmiðjan Esja*, *Ofnasmíðjan h.f.*, *Sól h.f.*, *Pólar*, *Dagblaðið*, *Prentsmíðja Guðjóns Ó. og Hampiðjan*. Sum þessara fyrirtæka hafa horfið með tímanum en enn má meðal annars finna *Prentsmíðju Guðjóns Ó.*, *Sól h.f.*, *Hampiðjuna* og *Póla*.

Magnús Sch. Thorsteinsson stofnaði smjörlíkisgerð árið 1931 í holtinu og framleiddi *Ljóma-smjörlíki*. Hann var í harðri samkeppni við Hólmjárn H. Hólmjárn sem rak *Smjörlíkisgerðina Svan*. Háðu þeir mikið auglýsingastríð í blöðum bæjarins á þessum árum.¹ *Vinnufatagerð Íslands* var stofnuð árið 1932 og var til húsa í Þverholti. *Sjóklæðagerð Íslands* var aðili að rekstrinum og urðu þessi fyrirtæki fyrst til að fjöldaframleiða fatnað hér á landi.² Í Einholti 8 hóf *Litur og lökk* starfsemi sína um 1937. *Litur og lökk* var verksmiðja sem framleiddi málningu í stórum stíl. Þar við hliðina tók til starfa árið 1936 *Ofnasmíðjan*, sem framleiddi miðstöðvarofna.³

Nafngiftir gatnanna

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sínar að rekja víða. Árið 1940 og 1943 gerðu Ólafur Lárusson prófessor, Sigurður Nordal prófessor og Pétur Sigurðsson háskólaritari, en þeir skipuðu nafnanefnd bæjarins, tillögur um gatnanöfn í Rauðarárholti sem enn eru í notkun.

Einholt

Gata þessi er nefnd eftir Einholti á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu en þar var fyrrum kirkjustaður. Nafnið var samþykkt árið 1940.

Brautarholt

Nafnið Brautarholt er finna á ýmsum jörðum á landinu, t.d. á kirkjustað á Kjalarnesi. Götuheitið minnir einnig á samnefnt hús sem stóð á Bráðræðisholti (Grandavegur 31).

Ásholt

Ásholt er í dag á lóð sem áður tilheyrði Laugavegi 148. Árið 1989 er samþykkt að breyta tölusetningu á lóðinni sem og heiti hennar í Ásholt 2-42.

Laugavegur

Götuheitið kemur fyrst fram í manntali árið 1888. Gatan dregur nafn sitt af Þvottalaugunum í Laugardalnum og var upphaflega gerð til að greiða fyrir þeim sem áttu erindi inn í Laugardal til að þvo þvott. Fram á 9. áratug 19. aldar náði vegurinn þó ekki lengra en upp að Klapparstíg, en þá var hann lengdur í austurátt. Um 1905 má segja að Laugavegurinn hafi verið fullbyggður inn að Barónsstíg.

¹ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur, síðari hluti*, bls. 326.

² Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur, síðari hluti*, bls. 335.

³ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur, síðari hluti*, bls. 336.

Pverholt

Gata þessi hét í fyrstu Þvergata en það nafn var samþykkt árið 1927. Árið 1940 er samþykkt að breyta nafninu í Þverholt. Samnefnt býli er í Mýrarsýslu.

Mjölnisholt

Nafn göturnar var samþykkt árið 1942 en hún hét áður Mjölnisvegur. Áður náði gatan mun lengra norður en þegar nafninu var breytt árið 1942 fékk nyrsti hluti hennar nafnið Skúlatún. Mjölnisholt heitir eftir grjótmulningsverksmiðjunni Mjölni sem Knud Zimsen stofnaði til þess að vinna grjót og steypa byggingarstein og var reist þarna í holtinu árið 1904. Mjölirnir hét hamar Ása-Þórs.

Stakkholt

Nafn götunnar var samþykkt árið 1942. Nafnið minnir á eyðibýlið Stakkholt sem og Stakkholtsgjá í Rangárvallasýslu.

Háteigsvegur

Gatan er kennd við býlið Háteig sem stóð sunnan í Rauðarárholti. Búskapur hófst þar rétt eftir aldamótin 1900.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar / Hringbrautar).

Til umfjöllunar eru staðgreinireitir 1.244.1, 1.244.3, 1.241.0, 1.241.1 og 1.242.0 í Reykjavík, sem afmarkast af Einholti, Brautarholti, Ásholti, Laugavegi og Þverholti en innan reitsins liggja Mjöllnisholt og Stakkholt. Einnig stendur eitt hús við Háteigsveg 7.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireitum:

GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga.

Stakkholt 3, gamli Heyrnleysingjaskólinn.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum varðveislutillögum á þessum reitum.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR



Fyrsti eigandi Páll Einarsson

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiðurUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
 Ris

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Árið 1930 var virtur nýr geymsluskúr á lóðinni úr steinsteypu. Á árunum 1985, 1989 og 1991 voru samþykktar breytingar á húsinu en þær hafa ekki gengið í gegn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Meningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Sigurður Jónsson,
Borghildur Magnúsdóttir

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújám
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er óbreytt samkvæmt virðingum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Ámundi Kristjánsson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Árið 1944 var byggður geymsluskúr á lóðinni úr steinsteypu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Sigurður Guðmundsson Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Útitröppur

Helstu breytingar

1975	Útlitsbreyting
1977	Kvistur

Hönnuðir breytinga

ARKO
ARKO

Saga

Á lóðinni er einnig geymsluskúr úr steinsteypu frá 1933. Árið 1975 var veitt leyfi til að setja kvist og breyta þaki hússins. Árið 1977 er veitt leyfi til að setja kvist á þak hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Haraldur Guðmundss,
Á. Sigurðs., G. Jónsson

Hönnun Guðmundur Guðjónsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Pípusmiðja



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning Timbur
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1940 Viðbygging
1942 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Einar Sveinsson arkitekt
Einar Sveinsson arkitekt

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið ætlað undir pípuagerð. Árið 1940 var búið að stækka og breyta húsinu. Árið 1942 var búið að reisa vinnustofu og kassageymslu á lóðinni. Framhliðin var úr bindingi en bakhliðin úr steinsteypu og þak úr járni. Einnig var virtur járnvarinn timburskúr, sem og timburgeymsla sem var áföst við vinnustofuna og kassageymsluna. Timburgeymslan var vinkilmynduð úr steinsteypu og þakið járnklætt. Framhliðin var opin. Árið 1944 var virtur bráðabirgðaskúr úr bindingi á lóðinni.

Árið 1953 voru húsin notuð undir ávaxtageymslu. Í nýbyggingunni var aðstaða til að þreskja banana. Þegar Bananasalan hætti starfsemi í húsinu fór svo að hljómsveitir fengu nokkurn hluta þess leigðan fyrir geymslu á hljóðfærum og til æfinga. Margar þekktar hljómsveitir hafa haft aðstöðu í Mjólnisholti 12 og má þar frægasta nefna Björk Guðmundsdóttur og hljómsveitina *Tappa tíkarrass*. Um 1996 náðu eiturlyfjasalar að hreiðra um sig í hluta af húsinu og kom húsið nokkuð við sögu í fjölmiðlum vegna þessa.

Í dag (2003) er íbúð í húsinu auk bónstöðvar og æfingapláss fyrir hljómsveitir.

Varðveislumat:

Listránt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningsögulegt gildi: Tengist sögu popptónlistar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Ókunnur

Hönnun Sigurjón Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Trésmíðahús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
Kjallari

Helstu breytingar

1943 Viðbygging
77-7 Viðbygging
1982 Útlitsbreyting
1984 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Kristinn Sveinbjörnsson

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var byggt árið 1941 eftir teikningum Arinbjarnar Þorkelssonar. Ekki er að finna heimildir fyrir því hvaða ár það var rífið en árið 1970 var nýtt hús virt á lóðinni.

Árið 1959 var samþykkt að byggja hluta af 1. hæð væntanlegs iðnaðarhúss úr steinsteypu. Árið 1960 var samþykkt að byggja kjallara undir hluta verzlunar. Árið 1961 var samþykkt að fullbyggja húsið og árið 1964 var samþykkt að breyta þaki hússins. Þetta nýja hús var virt árið 1970 en framkvæmdir stóðu í nokkur ár.

Árið 1996 var innréttað gistiheimili á 3. hæð og árið 1999 var gistiheimilið stækkað. Árið 2001 var bætt við herbergjum fyrir gistiheimilið.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Fúnksístill.**Menningarsögulegt gildi:** Lítið.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Ingólfur Guðmundsson

Hönnun Sigmundur Halldórsson
arkitekt**Upphafleg notkun**
Trésmíðahús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

46-4 Hækkun
1959 Hækkun
1981 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson arkitekt
Sigm.Halldórss., Ásm. arkitekt
ARKÓ byggin
arfræð.

Saga

Um er að ræða tvö sambyggð hús frá mismunandi byggingartímum.

Samkvæmt fyrstu virðingu var þetta trésmíðahús með tveimur skrifstofum. Húsið var steinsteyp fyrir utan annan gaffl hússins sem var úr bindingi. Sá gaffl var klæddur með járn en annars var húsið kústað að utan.

Til eru teikningar að stækkun á húsinu frá árinu 1946, 1952 (útlits- og fyrirkomulagsbreytingar) og 1956 allar eftir Sigmund Halldórsson. Samkvæmt virðingu árið 1951 er hús a) óbreytt að stærð. Húsið er samkvæmt dagbókum byggingarfulltrúa hækkað um eina hæð á árunum 1946-49. Árið 1959 er húsið hækkað í þrjár hæðir.

Árið 1981 er gerð virðing á húsinu og höfðu þá verið byggðar tvær hæðir ofan á það eins og segir í virðingu. Samkvæmt teikningum er um að ræða núverandi bláa hluta hússins. Viðbyggingin er úr steinsteypu, múrhúðuð að utan með bárújárnsþaki. Ásmundur J. Jóhannesson, Jón Róbert Karlsson og Jón Kaldal teiknuðu viðbygginguna.

Árið 2001 var samþykkt að útbúa íbúð og setja svalir á aðra hæð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Seðlabanki Íslands

Hönnun Hörður Björnsson
tæknifræðingur**Upphafleg notkun**
Skrifstofa**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Pakgerð
Pakkklæðning
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1994 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Almenna verkfræðistofan h.f.

Saga

Á þessari lóð stóð áður hús í eigu Steiniðjunnar reist árið 1940 eftir teikningu Einars Erlendssonar. Samkvæmt fyrstu virðingu var þetta verksmiðjuhús úr steinsteypu á þrjá vegu en ein hliðin var úr bindingi.

Samþykkt var stækkun á húsinu árið 1942, 1948, 1950, 1958, 1978 og 1979. Til eru teikningar af öllum þessum breytingum.

Á árunum 1979 - 80 var núverandi hús reist á lóðinni. Árið 1993 er samþykkt að byggja rishæð á húsið. Árið 1999 er samþykkt að breyta innra skipulagi í norðurenda, breyta útliti vesturhliðar og norðurgafls og koma fyrir olúþró á lóðinni. Seðlabankinn eignast húsið árið 1978 og árið 1993 er bóka- og skjalageymsla bankans í húsinu auk seðla- og myntsafns Þjóðminjasafnsins og Seðlabankans.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.**Menningarsögulegt gildi:** Lítið.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Veifarfaragerð Íslands

Hönnun Eiríkur Einarsson og Sigurður Guðmundsson

Upphafleg notkun Verksmiðja, bílskúr

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Ris
Einlyft

Helstu breytingar

1984	Viðbygging
1985	Geymsla á lóð

Hönnuðir breytinga

Unnar Jónsson
Unnar Jónsson

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu er skúr við austurhlið hússins en í honum er tjörgunarherbergi, miðstöðvarherbergi og kolaklefi. Árið 1942 var virtur nýr bílskúr á lóðinni úr bindingi járnklæddur, eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar. Árið 1984 er samþykkt að byggja við húsið úr stálgrind og árið 1985 er samþykkt að byggja opið skýli á lóðinni. Hvort tveggja eftir teikningum Unnars Jónssonar. Árið 1989 var samþykkt breyting á notkun húsnæðisins. Árið 1991 er gerð breyting á notkun á rishæð hússins eftir teikningum Magnúsar Jónssonar á Teiknistofunni Röðli. Árið 1963 var samþykkt að sameina lóðirnar að Einholti 6 og Þverholti 15a í eina lóð, Einholt 6. Árið 1977 var samþykkt að skipta lóðinni aftur í tvær lóðir, Einholt 6 og Þverholt 15a.

Varðveislumat:

Listrænt gildi:	Einfalt bárujárnshús.
Menningarsögulegt gildi:	Tengist sögu upphafs iðnaðar á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hefur ekki mikið gildi.
Upprunaleg gerð:	Húsið er talsvert breytt.
Varðveislugildi:	Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Smjörflki h.f. og Sól h.f.

HönnunGuðmundur Kr.Kristinsson
Ferdinand Alfredsson**Upphafleg notkun**

Verksmiðja

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Þrílyft

Helstu breytingar

1943 Viðbygging
1985 Rifið
1987 Nýbygging

Hönnuðir breytinga

Þorleifur Eyjólfsson arkitekt

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var verksmiðjuhús byggt árið 1937 eftir teikningum Þorleifs Eyjólfssonar. Eigandi var Litir og lökk h.f. Í ágúst 1937 var virt nýtt lakksuðuhús úr steinsteypu á lóðinni. Opíð skýli var við norðurgafli hússins. Við austurhlíð þessa nýja húss var byggð viðbygging eins og það. Árið 1943 var aðalhúsið frá 1937 lengt. Einnig var virtur nýr geymsluskúr við lakksuðuhúsið frá 1937, svo og ný vinkilbygging, byggð úr steinsteypu. Húsið var notað til efnis- og bílageymslu. Á árunum 1955-56 fóru fram gagngerar endurbætur á húseigninni. Árið 1959 var vörugeymslan stækkuð um 253 fermetra. Árið 1985 voru byggingarnar á lóðinni fjarlægðar. Það sama ár var samþykkt að sameina lóðirnar Einholt 8, Þverholt 19 og Þverholt 17 í eina lóð sem eftirleidis yrði skráð Þverholt 17-19. Árið 1985 var lóðin komin í eigu Smjörflíks h.f. og Sólar h.f. Árið 1987 er byggt nýtt iðnaðarhús á lóðinni.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.**Menningarsögulegt gildi:** Lítið.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Ofnasmiðjan h.f.

Hönnun Sveinbjörn Jónsson
byggingarmeistariUpphafleg notkun
Geymsluhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1943	Viðbygging
1943	Viðbygging
1943	Viðbygging
1944	Bruni
1944	Endurbýgging
1962	Hækkun
1974	Viðbygging
1995	Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Bárður Daníelsson	arkitekt
Guðrún Jónsdóttir	arkitekt
Knútur Jeppesen	
Grétar Markússon	arkitekt

Saga

Suður af húsinu var virt viðbygging árið 1936. Samkvæmt virðingu í nóvember 1936 þá var húsið fullgert. Árið 1941 var virtur nýr geymsluskúr á lóðinni. Hann kemur ekki fram í síðari virðingum. Árið 1943 var virt ný viðbygging við austurgafli aðalhússins. Við þessa viðbyggingu var virt ný vinnustofa og mynda þessi hús vinkilbyggingu á lóðarmörkum húseignarinnar. Einnig var virt ný skrifstofubýgging sem var framlenging af vinnustofunni. Árið 1943 voru líka virtir í fyrsta skiptið bílskúr og gasskúr úr steinsteypu.

Fram kemur í b-skjölum að þann 15. júlí 1944 hafi komið upp eldur í húsi á lóðinni og sama ár var samþykkt endurbýgging rishæðar verksmiðjuhúss vegna þessa. Árið 1954 var samþykkt að breyta hluta af þaki hússins og árið 1955 var samþykkt að byggja bílskúr. Árið 1962 var samþykkt að hækka hluta af verksmiðjunni um eina hæð. Árið 1965 var óskað eftir því að öll hús Ofnasmiðjunnar verði metin til brunabóta að nýju, bæði þau eldri og svo breytingar og stækkanir, sem ekki voru komnar í tryggingu það ár. Árið 1974 var samþykkt stækkun og var húsið í byggingu fram til ársins 1978. Árið 1987 er samþykkt að breyta nýtingu og endurnýja hluta af þaki. Árið 1995 var samþykkt að endurnýja þakhluta, klæða húsið að utan og gera dyr að Einholti á húsinu. Árið 1997 er samþykkt að breyta innra fyrirkomulagi á 1. og 2. hæð hússins. Árið 1974 er samþykkt að telja lóðina við Háteigsveg 7 en ekki Einholt 10.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Fúnkísstíll.**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafssögu iðnaðar á svæðinu.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt og mikið byggt á lóðinni.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Ríkissjóður Íslands

Hönnun Guðjón Samúelsson
arkitektUpphafleg notkun
Skólahús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Port
Ris
Kvistir
Kjallari

Helstu breytingar

1905	Nýbygging
1953	Rifið (1905)
1953	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

ókunnur
Sigvaldi Thordarson

Saga

Árið 1905 var virt nýtt hús á lóðinni. Það var timburhús með skápaki klætt járn, bæði þak og veggir. Þetta var einlyft hús með inngönguskúr. Þetta hús var rifið árið 1953. Við austurgaflinn á húsinu var inngönguskúr og í honum var fjós, hæsnahús og salerni.

Samkvæmt virðingu frá 1921 þá er Málleysingjaskólinn starfræktur í húsinu og á þá Ríkissjóður Íslands húsið. Sama ár var virtur nýr geymsluskúr sem byggður hafði verið við inngönguskúrinn. Árið 1927 var byggt nýtt skólahús við austurenda eldra hússins, teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Þetta hús er elsta húsið á lóðinni nú og er til umfjöllunar hér. Tvöfaldir gluggar voru í öllu húsinu samkvæmt fyrstu virðingu.

Árið 1932 var virtur nýr bílskúr á lóðinni. Við bílskúrinn var byggður áfastur geymsluskúr.

Árið 1953 var húsið frá 1905 ásamt inngönguskúr rifið eins og áður segir. Það sama ár er reist ný viðbygging við húsið frá 1927. Nýja viðbyggingin er þrjár hæðir með skápaki, byggt úr steinsteypu með svölum. Húsið er kústað að utan.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Eldra húsið er í nýklassískum stíl en það yngra í síðfúnkísstíl.

Menningsögulegt gildi: Tengist sögu Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík.

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð: Húsin eru að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að húsið verði í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).

Fyrsti eigandi Hampiðjan h.f.

Hönnun Guðmundur S.
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Hampspuni og netagerð

Upphafleg gerð	Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypu	1939 Hækkun	Guðmundur S. tæknifr
Klæðning	Múrsléttað	1939 Ný klæðning	Guðmundur S. tæknifr
Pakgerð	Port	1943 Viðbygging	Halldór Pálsson
Pakklæðning	Bárujárn	1947 Viðbygging	Sigmundur Halldórsson arkitekt
Undirstöður		1959 Hækkun	Ásmundur Ólason tæknifr
		1963 Nýbygging	Ásmundur Ólason tæknifr
		1965 Viðbygging	Ásmundur Ólason tæknifr
		1974 Nýbygging	Óli Jóh. Ásmundsson arkitekt
		1977 Viðbygging	Óli Jóh. Ásmundsson arkitekt

Saga

Elsta hús á lóðinni var byggt árið 1934. Samkvæmt virðingu árið 1939 var búið að hækka húsið um eina hæð. Húsið var þá orðið tvílyft með risi, járnþaki og múrhúðað utan með skeljasandi. Árið 1939 var einnig virtur bílskúr á lóðinni úr steinsteypu með járnþaki. Árið 1943 var virt nýtt vörugeymsluhús sem byggt hafði verið við húsið frá 1934. Það var úr steinsteypu með járnþaki og múrhúðað að utan. Árið 1947 var búið að byggja viðbyggingu á lóðinni við Brautarholt (Sjá Brautarholt 1). Áfast við húsið var bílskúrin frá 1939 sem hafði verið stækkaður fyrir fjórar bifreiðir. Árið 1959 var búið að hækka húsið frá 1947 um eina hæð. Árið 1963 var virt nýtt hús á lóðinni Stakkholt 2-4 fyrir veidarfæragerð. Það var tvílyft steinsteypuhús með risi og múrhúðað utan. Árið 1965 var komin ný viðbygging úr steinsteypu og járnþaki á lóðinni. Húsið er slétt húðað að utan og málað. Árið 1974 var byggt hús úr steinsteypu á lóðinni (Sjá Þverholt 9). Árið 1977 var virtur 3. áfangi þessa húss. Það var þriggja hæða hús. Árið 1970 voru lóðirnar Stakkholt 2-4, Þverholt 9 og hluti af götustæði Stakkholts sameinaðar í eina lóð sem eftirleidis yrði talin númer 2-4 við Stakkholt. Árið 1994 var það samþykkt samkvæmt tillögu byggingarfulltrúa að sá hluti húseignarinnar á lóð Stakkholts 2-4 sem liggur meðfram Brautarholti (framhús) verði númer 1 við Brautarholt, bakhús verði áfram númer 2-4 við Stakkholt og sá hluti sem er meðfram Þverholti /Stórholti verði númer 9 við Þverholt. Fasteignirnar eru allar á lóð Stakkholts 2-4.

Varðveislumat:

- Listrænt gildi:** Einfalt steinsteypuhús.
- Menningsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs iðnaðar á svæðinu.
- Umhverfisgildi:** Lítið.
- Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.
- Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Jón Bjarnason

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiðurUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

ÚtlitRis
Einlyft**Helstu breytingar**

1929 Hækkun
1993 Útlitsbreyting
1994 Íbúð 3. hæð sp.

Hönnuðir breytinga

Gísli Gunnarsson bygg.fr.

Saga

Árið 1929 var húsið virt og þá orðið tvílyft með jarnþaki. Samkvæmt virðingu var nokkur hluti hússins sementssléttaður. Árið 1993 var samþykkt að breyta tveimur samþykktum íbúðum á 1. og 2. hæð húseignarinnar. Einnig geymslubyggingu í bakgarði til austurs. Árið 1993 var gluggum á rishæð og þakhalla breytt til samræmis við hús númer 5 við Þverholt. Árið 1994 var íbúð á 3. hæð samþykkt.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Einfalt steinsteypuhús.**Menningarsögulegt gildi:** Lítið.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Guðmundur Jónsson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypt
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
 Ris

Helstu breytingar

1950 Kvistur
 1968 Útlitsbreyting
 1988 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Ásm. Ólason
 Þormóður Sveinsson

Saga

Þegar húsið var virt á ný árið 1950 þá var það breytt að því leyti að 3 herbergi voru á neðri hæðinni í stað tveggja áður og á þakhæðinni hafði verið byggður kvistur. Árið 1968 voru gerðar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á verslun á jarðhæð. Árið 1988 var húsið hækkað um eina hæð og ris úr steinsteypu. Árið 1990 var samþykkt að breyta húsnæðinu aftur í íbúðir en þá höfðu verið skrifstofur í húsinu um nokkurt skeið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Helga Sigurgeirsdóttir

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

1936	Hækkun
1988	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Magnús I. Ingvarsson byggin

Saga

Samkvæmt virðingu frá 1936 var húsið hækkað um eina hæð. Hæð hússins er þá orðin 8,6 metrar. Árið 1988 var samþykkt breyting á útliti og innréttingum á 1. hæð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið hefur verið hækkað.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Dagblaðið

Hönnun Gunnar Hansson
arkitektUpphafleg notkun
Verksmiðja**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Bárújám
Undirstöður

Útlit

Fjórlyft
 Kjallari
 Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Fyrsta hús á lóðinni, hús Harðfiskisölnunnar s.f., var byggt árið 1939 eftir teikningum Kjartans Ólafssonar en það hús var rífið til að rýma fyrir nýju húsi Dagblaðsins.

Dagblaðið fékk leyfi fyrir húsi á lóðinni árið 1979, en húsið var í byggingu á árunum 1980-1985. Árið 1979 var samþykkt að stækka kjallara hússins, en þar skyldi vera bílageymsla. Árið 1981 var samþykkt hækkun um eina inndregna hæð. Árið 1985 var samþykkt stækkun á 4. hæð.

Árið 1978 var lóðinni skipt í tvær lóðir, númer 11 og 13.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu blaðaútgáfu í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Kexverksmiðjan Esja

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiðurUpphafleg notkun
Brauðgerðarshús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1946 Viðbygging
1977 Endurbætur
1984 Kvistur

Hönnuðir breytinga

Gunnar Friðbjörnsson arkitekt

Saga

Í fyrstu brunavirðingu hússins var virtur 14 metra hár verksmiðjuháfur byggður úr steinsteypu. Árið 1946 hafði verið byggð viðbyggingu við austurhlíð hússins. Hún var úr holsteini á steinsteypum grunni. Einnig var virtur bílskúr á lóðinni úr steinsteypu með járnþaki. Húsið var óbreytt samkvæmt virðingum frá 1946 en árið 1977 voru gerðar endurbætur á húsinu. Árið 1984 var samþykkt að breyta þaki og setja kvisti á vesturhlíð og þakglugga á austurhlíð.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Einfalt steinsteypuhús.**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu upphafs iðnaðar á svæðinu.**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Guðmundur Jónasson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun

Bifreiðaviðgerðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Eternitplötur
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Útskot

Helstu breytingar

1964	Viðbygging
1986	Hækkun

Hönnuðir breytinga

Sveinn Ívarsson	arkitekt
Guðmundur Gunnarsson	arkitekt

Saga

Húsið var sagt vera bifreiðavinnustofa samkvæmt fyrstu virðingu. Húsið var grófmúrsléttað utan og innan. Samkvæmt virðingu frá 1964 var búið að stækka húsið og voru þá tveir vinnusalir fyrir hleðslur í húsinu.

Árið 1985 var samþykkt að lagfæra framhlið hússins og hækka það um eina hæð. Þeim framkvæmdum lauk árið 1986.

Árið 1977 var felld úr gildi lóðasameining frá 1963 þar sem lóðirnar númer 6 við Einholt og númer 15a við Þverholt voru sameinaðar í eina lóð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu upphafs iðnaðar á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Smjörflki hf.

Hönnun Guðmundur Kr. Kristinsson,
Ferdinand AlfredssonUpphafleg notkun
Skrifstofa, Verksmiðja**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Ris

Helstu breytingar

1931 Nýbygging
1949 Viðbygging
1953 Viðbygging
1970 Nýbygging

1980 Viðbygging

2002 Breytt í íbúð

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson arkitekt
Sigmundur Halldórsson arkitekt
Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt
Ferdinand Alfredsson arkitekt
Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt
Ferdinand Alfredsson arkitekt
Gestur Ólafsson arkitekt

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var reist árið 1931. Samkvæmt fyrstu virðingu var það einlyft með risi og byggt úr steinsteypu. Árið 1934 var búið að hækka húsið um eina hæð. Árið 1932 var reistur geymsluskúr á lóðinni. Virðingar af þessum húseignum ná til ársins 1934. Tvær viðbyggingar voru byggðar við húsið, árið 1949 og 1953.

Árið 1953 voru lóðirnar númer 19 og 21 sameinaðar í eina lóð. Húsið sem nú stendur á þessari gömlu lóð númer 21 er enn merkt númer 21 en fylgir virðingum fyrir lóðina númer 17-19 við Þverholt, en þær lóðir voru sameinaðar árið 1985 ásamt lóðinni Einholt 8.

Árið 1970 var núverandi hús á lóðinni byggt. Ekki er að finna nein skjöl um niðurrif á eldri húsunum en þau eru í það minnsta farin þegar hafist er handa við nýbyggingu úr steinsteypu á lóðinni árið 1970. Árið 1980 var byggt við húsið og lauk þar með seinni áfanga hússins. Árið 2002 var skrifstofuhúsnæði hússins breytt í húsvarðaríbúð og kemur þá fram að ráðgert sé að rífa húsið á árinu 2003.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Árni Erasmussen

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús og verslunarhús, bakarí

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Þrílyft
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

1979	Ný klæðning
1981	Hækkun
2003	Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

ARKO	
Stefán Benediktsson	arkitekt

Saga

Í fyrstu virðingu árið 1933 var tekið sérstaklega fram að húsið væri ekki múrsléttað. Tvennar svalir eru á austurhlíð hússins. Þá var bakarí á jarðhæð hússins. Árið 1941 eiga Silli og Valdi húsið og var þá húsið óbreytt samkvæmt fyrstu virðingu. Árið 1979 var samþykkt að klæða 1. hæð hússins að utan með furu. Árið 1981 var byggð rishæð á húsið. Þá var líka samþykkt að breyta fjölda íbúða úr tveimur í þrjár og byggja yfir svalir að hluta. Árið 1982 var samþykkt að byggja rishæð og breyta fyrirkomulagi á þakhæð. Sama ár var einnig samþykkt að færa inngang frá horni á vesturhlíð hússins og setja skyggni yfir inngang. Árið 2000 var samþykkt að breyta gluggum á fyrstu hæð hússins. Árið 2003 var sett ný klæðning á 1. hæð hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Meningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Kristján Sveinsson

Hönnun Einar Erlendsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Pakgerð	
Pakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Port
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1934	Kvistur
1950	Hækkun
1950	Múrhúðun
1950	Viðbygging
1950	Svalir

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson	trésmið
Hafliði Jóhannsson	trésmið
Hafliði Jóhannsson	trésmið
Hafliði Jóhannsson	trésmið

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið ófullgert. Í janúar árið 1928 var húsið fullgert. Þá var það sementsléttað að utan. Árið 1934 var virtur kvistur á suðurhlíð hússins og þá hafði rishæðin öll verið innréttuð til íbúðar. Árið 1942 var húsið óbreytt en þá var virt í fyrst sinn á lóðinni hjallur úr timbri. Við hjallinn var áfastur geymsluskúr byggður úr timbri. Árið 1950 var búið að hækka og breikka húsið úr steinsteypu. Þá var einnig búið að húða allt húsið að utan með tinnu- og marmarasalla. Á neðstu hæðinni var búið að innrétta rakarastofu með sérinngangi. Svalir eru á 2. og 3. hæð hússins. Þá var búið að rífa hjallinn og geymsluskúrinn frá 1942 en í staðinn byggður nýr skúr úr steinsteypu, húðaður að utan með tinnu og marmarasalla. Árið 1999 var íbúðarhúsnæði á 3. hæð samþykkt sem sjálfstæð íbúð. Sama ár var einnig samþykkt að breyta skráningu á kjallara hússins.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

